

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. <i>GBI</i>
07. maí 2013
<i>8.14.1</i>
Tilv. <i>USTAD0120600001</i>

2. maí 2013

## Umsögn um starfsleyfi fyrir SORPU bs.

Með bréfi dagsettu 10. apríl 2013 óskaði Umhverfisstofnun eftir umsögn heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis um starfsleyfistillögu fyrir SORPU. Óskað var eftir að umsögn bærist fyrir 2. maí. 2013. Enginn fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd á þessu tímabili en meðfylgjandi er umsögn skrifuð í umboði nefndarinnar.

### 1.2. Umfang starfsemi.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis telur að betur þurfi að gera grein fyrir þeim þætti í starfsleyfinu sem fjallar um urðun á óvirkum spilliefnum. Skýra þarf í starfsleyfinu hvernig mat er lagt á slíkan úrgang og fram þarf að koma, að auk þess að ská gerð og magn úrgangsins, þurfi að vera unnt að rekja staðsetningu hans í urðunarreinum horft til framtíðar. Ef hugsunin er að unnt eigi að vera að fjarlægja úrganginn síðar þá þarf að koma fram að hann eigi að vera aðgengilegur á urðunarstað. Líklega væri best að það væri leitað álits Umhverfisstofnunar sem getur þá gert kröfu um prófun á efninu hvort það standist að vera óvirkt spilliefni.

Heilbrigðiseftirlitið veltir fyrir sér hvort ekki þurfi að vera sérstök skilyrði fyrir hreinistöð fyrir hauggas m.t.t. mengunarvarna, frekar en að gefið sé leyfi fyrir stöðinni í einni setningu innan þessa starfsleyfis. Bent er á að skv. starfsleyfinu er óheimilt að brenna gas á staðnum.

### 1.10 Samráðsfundir

Heilbrigðiseftirlitið leggur til að samráðshópurinn sé stækkaður þannig að hann nái til aðliggjandi sveitarfélags og aðliggjandi heilbrigðisnefnda þar sem Mosfellsbær er innan áhrifasvæðis fyrirtækisins hvað varðar a.m.k. lyktarmengun.

### 2.3. Umhverfisstjórnunarkerfi

Heilbrigðiseftirlitið telur sjálfsagt að fyrirtækinu sé gert að starfrækja umhverfisstjórnunarkerfi líkt og fordæmi eru fyrir í starfsleyfisútgáfu hjá Umhverfisstofnun.

### 2.5. Óeðlilega mikil mengun

Eflaust er þetta illframkvæmanleg grein en lagt er til að það verði tekin allur vafi á að rekstraraðila beri að hreinsa þá mengun sem kann að verða skv. fyrstu setningunni


## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

Greinin orðist svo. Berist á starfsleyfistímanum óeðlilega mikil mengun frá starfsemi urðunarstaðarins út í umhverfið sér rekstraraðilil um að koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að breiðast út . Rekstraraðila ber að hreinsa á sinn kostnað þá mengun sem kann að verða hvort sem mengunin er til komin á lengri tíma eða vegna skynilegra óhappa

3.3. Verndun jarðvegs og grunn- og yfirborðsvatns. Í síðustu málsgrein ætti að standa skal í stað „má búast við.“

Lagt er til að starfleyfinu komi fram hvaða reglubundnu eftirlitsmælingar Umverfisstofnun framkvæmir og tíðni þeirra.

Virðingarfyllst,

  
Þorsteinn Narfason,  
framkvæmdastjóri.